

## AUGLÝSING

### um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

#### *Grundarstígsreitur – nýtt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. maí 2017, deiliskipulag Grundarstígsreits, sem afmarkast af Grundarstíg, Spítalastíg, Þingholtsstræti og Skálholtsstíg. Í tillögunni eru settir fram almennir skilmálar fyrir gróna byggð á reitnum varðandi uppbyggingu kvista, smárra viðbygginga, svala og lítilla geymslna, í samræmi við byggingarreglugerð og byggingarstíl húsa á reitnum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Grjótháls 7-11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 12. maí 2017, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðar nr. 7-11 við Grjótháls. Í breytingunni felst m.a. að færa byggingarreit upp að núverandi byggingu að Grjóthálsi 9, fella brott 3 metra breitt sund, breyta kröfu um fjölda bílastæða og heimila að nýta þak nýbyggingar undir bílastæði Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Víðidalur, Fákur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 7. apríl 2017, breytingu á deiliskipulagi Víðidals, svæði Fáks. Í breytingunni felst m.a. að stækka byggingarreit norðan við félagsheimili, setja byggingarreiti fyrir hesthús austan við félagsheimili og norðan og sunnan við Ásból og stækka byggingarreit núverandi reiðhallar, útbúa lóð með byggingarreit fyrir fjölnota hús/reiðhöll fyrir austan og ofan Hvammsvöll. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Gufunes, lóð Áburðarverksmiðju.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 3. maí 2017, breytingu á deiliskipulagi Gufunes. Í breytingunni felst að afmarkaðar eru nýjar lóðir á deiliskipulagssvæðinu fyrir Gufunesveg 29-31 og 37 annars vegar og Gufunesveg 53-55 hins vegar. Samhliða því minnkar lóð Reykjavíkurborgar (Áburðarverksmiðjan) sem því nemur.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kjalarnes, Mógilsá, svæði Þ1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 3. maí 2017, breytingu á deiliskipulagi Mógilsár og Kollafjarðar fyrir svæði Þ1 - þjónustumiðstöð við Mógilsá. Í breytingunni felst að byggingarreitir A og B verða jafnframt sér lóðir innan reits Þ1. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hlemmur, reitur 1.240.0.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 17. maí 2017, breytingu á deiliskipulagi reits 1.240.0, Hlemmur. Í breytingunni felst að afmörkuð er 5 m<sup>2</sup> lóð fyrir spennistöð, fyrir norðan Hlemm, innan marka gildandi

Nr. 418

18. maí 2017

deiliskipulags. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 18. maí 2017.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 19. maí 2017